

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. október 2023

Málsmeðferð og kröfugerð

- 1 Mál þetta, sem dómtekið 17. október sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með ákæru, dagsettri 23. júní 2023 sl. á hendur X, kt. [...], [...], Akureyri

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 12. október 2022, ekið bifreiðinni [...], sviptur ökurétti, undir áhrifum ávana- og fíkniefna (í blóðsýni sem tekið var úr ákærða vegna rannsóknar málsins mældist amfetamín 440 ng/ml og tetrahydrokannabinól 2,9 ng/ml.) og ófær um að stjórna ökutækinu örugglega vegna töku slævandi lyfja (við rannsókn á blóðsýninu reyndust eftirtalin lyf vera í sýninu: klónazepam 17 ng/ml) um [...] á Akureyri, uns hann ók bifreiðinni út af veginum og ók á umferðarmerki og staur við götuna skammt frá verslun [...] í [...] og yfirgefa vettvang án þess að tilkynna um tjónið á umferðarmerkjunum og staurnum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 13. gr., e lið 1. mgr. 14. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 99. gr. og 101. gr. nefndra umferðarlaga.“

Afstaða og kröfur ákærða

- 2 Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Til vara krefst ákærði lægstu refsingar sem lög leyfa. Loks krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum, sem greidd verði úr ríkissjóði ásamt öðrum sakarkostnaði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 3 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning miðvikudaginn 12. október 2022 kl. 11:05 um að bifreið hafi verið ekið á staur á [...], Akureyri, rétt við [...] í [...]. Maður væri að tína upp brak úr bifreiðinni. Lögreglumenn fóru á vettvang, en komu að bifreiðinni yfirgefni. Á vettvangi bárust lögreglumönnum viðbótarupplýsingar um að ökumaður bifreiðarinnar hafi farið af vettvangi og skilið bifreiðina eftir númerslausa. Hann hafi verið sóttur af stórrí dökkgrárrí sendibifreið með númerinu [...], sem síðan hafi verið ekið suður [...]. Lögreglumenn komu auga á skráningarkerki bifreiðarinnar í skottinu. Lögreglumenn öfluðu upplýsinga um skráðan eiganda bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, sem sviptur hafi verið ökuréttindum til 20. janúar 2025.
- 4 Ummerki á vettvangi hafi gefið til kynna að bifreiðinni hafi verið ekið í sveig út af veginum upp grashól og aftur inn á veginn og yfir umferðareyju. Þrjú umferðarskilti hafi verið ekin niður, gangbrautarkerki og tvö boðmerki. Akbrautirnar hafi verið blautar en engin hálka. Krap hafi verið fyrir utan akbrautirnar.
- 5 Lögreglumenn veittu því athygli að golfsett var í aftursæti bifreiðarinnar og héldu að lokinni vettvangsskoðun í átt að [...], þar sem þeir fundu fyrrnefnda sendibifreið á bifreiðastæðinu. Fundu lögreglumenn ákærða á æfingasvæðinu [...] og tóku hann tali. Veittu lögreglumenn því athygli að hvítar efnisleifar voru á nefi ákærða og í nefinu. Var hann handtekinn kl. 11:24 grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og lyfja, ásamt því að hafa yfirgefið vettvang án þess að tilkynna um óhappið. Fannst kveikjúláslykill bifreiðarinnar í jakkavasa ákærða. Var ákærði færður á lögreglustöð og honum dregið blóð til rannsóknar ásamt því að honum var gefinn kostur á að tjá sig. Verður vikið að framburði ákærða fyrir lögreglu í niðurstöðukafla hér síðar.
- 6 Í málinu liggur fyrir niðurstaða blóðrannsóknar Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, um að í blóði ákærða hafi verið að finna þau efni og magn er í ákæru greinir og að ákærði hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki af þeim sökum. Ekki er deilt um niðurstöðu blóðrannsóknar í málinu.
- 7 Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar upptökur úr búkmyndavélum á vettvangi og sýndar ljósmyndir sem þar voru teknar.

Skýrslur fyrir dómi

- 8 *Ákærði* kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Vinkona hans, A, hafi verið ökumaður. Hann hafi ekki séð hvað gerðist, þar sem hann hafi verið að gera golfsettið sitt tilbúið, en hann hafi verið á leið á golfvöllinn þar sem hann hafi ætlað að hitta vin sinn. Hann kvaðst telja A hafa misst stjórn á bifreiðinni í hálfku. Honum hafi verið brugðið og haft samviskubit yfir að hafa beðið A að keyra bifreiðina hans á sumardekkjum. Henni hafi verið illt í bakinu eftir óhappið og ákærði hafi sagt henni að hún ætti að fara heim. Hún hafi farið af vettvangi og hann sagt henni að hann skyldi „græja þetta“. Hann telji hana hafa gengið heim til sín. Hún eigi heima „[...]“. Hann sjálfur hafi verið að flýta sér því hann hafi ætlað að hitta félagan sinn á golfsvæðinu.
- 9 Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna hann hafi ekki sagt lögreglunni að [...] hafi ekið bifreiðinni. Hann kvaðst ekki geta svarað því hvers vegna hann hafi ekki greint lögreglunni frá því hver hafi ekið bifreiðinni. Í raun hafi engin ástæða verið til að halda nafni hennar leyndu. Hann hafi engar skýringar á því hvers hann hafi ekki nefnt nafn hennar fyrr en búið var að ákæra hann í málinu.
- 10 Ákærði kannaðist við að bíllykillinn hafi verið í jakka hans, en hann kvaðst hafa gengið frá bílnum læstum þar sem hann stóð í vegkantinum eftir óhappið.
- 11 Ákærði kvað rangt eftir sér haft í lögregluskýrslu að hann hafi lagt bílnum í vegkantinum.
- 12 *Vitnið B* kvaðst hafa séð bifreið ákærða kyrrstæða í vegkantinum á [...] við [...] í [...]. Hún hafi séð mann standa við bifreiðina og hann hafi verið að „bograst“ eitthvað. Nýleg för hafi verið í grasbrekkunni við hlið vegarins. Hún hafi engan annan vegfaranda séð nálægt. Þetta hafi litið skringilega út og hún hafi snúið við á hringtorginu hjá [...] og ekið aftur fram hjá. Síðan hafi hún tekið stuttan hring og ekið aftur fram hjá tæplega 10 mínútum síðar. Þá hafi annar maður verið kominn á vettvang á bifreið. Vitnið staðfesti að rétt sé eftir henni haft í lögregluskýrslu.
- 13 *Vitnið D* kvaðst hafa verið á leiðinni í golf með ákærða. Vitnið hafi verið uppi á golfvelli þegar ákærði hafi hringt og sagst hafa lent í árekstri og beðið hann um að sækja sig. Bifreið ákærða hafi verið skemmd og ákærða verið brugðið og lítill í sér. Ákærði hafi verið einn á vettvangi við bifreiðina. Ákærði hafi ekki sagt hver hafi ekið bifreiðinni, en hann hafi sagst hafa verið með félagan sínum og þeir hafi misst stjórn á bifreiðinni. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir lögreglu. Nánar aðspurt kvað vitnið ákærða ekki hafa sagt við vitnið að neinn annar hafi ekið bílnum. Þeir hafi ekkert rætt þetta, hvorki á vettvangi né síðar. Ákærði hafi aldrei sagt vitninu að neinn annar hafi ekið bifreiðinni. Hann hafi fyrst heyrt þá skýringu eftir að lögregla hafði afskipti af ákærða. Honum sé enn í dag ókunnugt um hver ákærði segi að hafi ekið bílnum.
- 14 *Vitnið lögreglumadur E* kvað lögreglu hafa fengið þær upplýsingar að ákærði hafi verið sóttur af stórum bíl á vettvang óhappsins. Lögregla hafi fengið þær upplýsingar frá vitni að maður sem hafi staðið við bifreið ákærða væri klæddur í fatnað sem samsvaraði fatnaði þeim sem ákærði var klæddur í. Lögregla hafi veitt því athygli að golfsett væri í bílnum og því hafi þeir kannað á golfvellinum hvort ökumanninn væri þar að finna og hitt þar fyrir ákærða, sem hafi verið ör og átt erfitt með að vera kyrr. Ákærði hafi nefnt að einhver hafi hlaupið af vettvangi óhappsins. Hann hafi hins vegar ekki sagt hver ökumaðurinn hafi verið. Eftir að honum hafi verið kynnt réttarstaða sín hafi hann sagst hafa lagt bifreiðinni í vegkantinum eftir óhappið.
- 15 Vitnið staðfesti frumskýrslu sína í málinu.
- 16 *Vitnið lögreglumadur F* kvaðst hafa verið varðstjóri í umrætt sinn. Vitnið staðfesti frumskýrslu í málinu. Kvað vitnið ákærða hafa nefnt að annar hafi ekið bílnum, en aldrei nefnt hver það hafi verið. Tekin hafi verið tvö blóðsýni af ákærða með klukkustundar millibili þar sem hann hafi ekki verið staðinn að akstri.
- 17 *Vitnið A* kvaðst vera vinur ákærða til nokkurra ára. Ákærði hafi hringt í hana umrætt sinn og beðið um að skutla sér á golfvöllinn, þar sem hann væri ökuréttindalaus. Hún búi skammt frá ákærða og hafi farið til hans á hlaupahjólum eða gangandi. Hún hafi ekið með ákærða áleiðis að golfvellinum, en á leiðinni hafi hún misst stjórn á bílnum í hálfku við hringtorg. Hún hafi fengið tak í bakið. Ákærði hafi „panikkað“ og sagt að bifreiðin væri á sumardekkjum. Ákærði hafi sagt henni að hann myndi „redda þessu“ og hún ætti bara að fara heim. Hún hafi hringt í föður sinn og beðið hann um að koma og sækja sig, sem hann hafi gert. Hana minni að veðrið hafi verið frekar kyrrt. Hún kvaðst ekki minnast þess að hafa séð neitt fólk á vettvangi eða umferð. Bifreið ákærða hafi verið [...] á litinn og sjálfskipt.

- 18 Aðspurð hvers vegna hún hafi yfirgefið vettvanginn kvaðst vitnið hafa verið að drepast í bakinu og ákærði hafi sagt henni að fara. Eftir á að hyggja hafi verið mjög heimskulegt að fara af vettvangi án þess að tilkynna um óhappið. Hún hafi staðið á grasbletti við hringtorgið skammt frá og beðið þar eftir föður sínum. Hann hafi komið um stundarfjórðungi síðar. Á meðan hafi hún getað fylgst með ákærða við bifreiðina. Ákærði hafi staðið við bifreiðina þegar faðir vitnisins hafi komið og sótt hana. Faðir hennar hafi komið frá heimili sínu að [...]. Hann hafi átt erfitt með að rata á vettvang.
- 19 Vitnið kvaðst hafa skýrt föður sínum frá því hvað hafi komið fyrir. Hann sé [...] ára og minnið sé ekki gott og því viti hún ekki hvort hann muni eftir þessu atviki.
- 20 Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa leitað til læknis vegna bakverkjarins, en hún hafi tekið verkjalyfið Ibufen. Kvaðst hún aldrei fara til læknis.
- 21 *Vitnið C*, faðir vitnisins A, kvaðst oft vera að skutla henni. Hann muni ekki sérstaklega eftir þessu tilviki. Hún sé búin að lenda í mörgum bílslysum og hann muni ekki sérstaklega eftir þessu. Það geti verið að hann rámi í að hann hafi sótt A og hún sagt honum að hún hafi lent í bílslysi, en hann sé orðinn [...] ára og farinn að tapa minni og geti ekki sagt til um það.

Forsendur og niðurstaða

- 22 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Veltur sönnun í málinu fyrst og fremst á mati á sönnunargildi munnlegra framburða.
- 23 Ákærði hefur frá upphafi málsins neitað að hafa ekið bifreið sinni í umrætt sinn. Framburður ákærða hefur hins vegar verið óstöðugur og haldinn augljósum rangfærslum sem ákærði gat ekki útskýrt fyrir dómi. Er lögreglumenn komu að ákærða við golfæfingar eftir óhappið skýrði hann fyrst svo frá að hann hafi verið „ökupór“ og „bílstjóri“. Skömmu síðar dró hann það til baka og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni. Eftir að lögreglumenn handtóku ákærða og skýrðu honum frá því að hann væri handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna og að hafa yfirgefið vettvang óhappsins sagði ákærði „*En málið er að ég lagði bílnum* og sótti dótið mitt.“ Á lögreglustöð skýrði ákærði lögreglu frá því að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið „einhver maður“ sem vildi fá bílinn lánaðan. Hann hafi ætlað að fara á [...] eða „einhvern andskotann“ og ætlað að borga pening fyrir. „Hann spratt svo eitthvað norðureftir. Þess vegna lét ég bara sækja mig.“ Er ákærða var tjáð að vitni hafi ekið fram hjá vettvangi svaraði ákærði því til að lögreglan ætti þá að spyrja vitnið hversu hratt maðurinn hafi hlaupið þarna yfir hólinn. Aðspurður hvaða maður þetta hafi verið kvaðst ákærði ekki þora að skýra lögreglu frá því. Það var fyrst í greinargerð verjanda ákærða fyrir dómi sem hann nefndi ökumann til sögunnar, en í stað karlmanns sem ákærði hafi óttast eins og hann skýrði lögreglu frá, þá tilgreindi hann vinkonu sína A til sögunnar sem ökumann bifreiðarinnar. Aðspurður gat ákærði engar skýringar gefið á því hvers vegna hann hafi ekki skýrt lögreglu frá því að A hafi ekið bifreiðinni, heldur spunnið þess í stað upp sögu um að maður á leið til [...] hafi ekið bifreiðinni. Engar sennilegar skýringar hafa komið fram á breyttum framburði ákærða eða hvaða ástæðu hann hefði átt að hafa til að leyndu því hafi A ekið bifreiðinni. Ber þessi frásögn ákærða öll merki þess að vera uppspuni ákærða í þeim tilgangi að komast undan sök. Hinu sama gegnir um það atferli ákærða að yfirgefa vettvang án þess að tilkynna lögreglu um óhappið, sem og að fjarlægja númeraplötur áður af bifreiðinni og koma þeim fyrir í farangursgeymslu hennar. Myndir af vettvangi sýna að umferðarmerki höfðu eyðilagst við ákeyrsluna og var því fullt tilefni til að gera lögreglu viðvart.
- 24 Framburð vitnisins A verður að virða í því ljósi að hún er vinkona ákærða. Ennfremur veikir það framburð hennar að hún gaf sig hvorki fram við lögreglu á vettvangi né síðar sem ökumaður bifreiðarinnar. Gat vitnið enga sennilega skýringu gefið á því hvers vegna hún hafi átt að yfirgefa vettvang án þess að tilkynna um óhappið. Svaraði hún því einu til að það hafi verið „heimskulegt eftir á að hyggja“. Hið sama gildir um það hvers vegna hún hafi ekki gefið sig fram við lögreglu sem ökumann eftir að ákærði skýrði henni frá því að lögregla hafi haft afskipti af honum á golfvellið vegna málsins. Þá eru framburðir ákærða og vitnisins misvísandi um það hvernig hún hafi farið af vettvangi. Ákærði kvaðst fyrir dómi halda að hún hafi gengið heim, en vitnið kvaðst hafa staðið í um stundarfjórðung á grasbletti skammt frá bifreið ákærða og beðið þar eftir föður sínum sem hafi sótt hana áður en ákærði hafi yfirgefið vettvang. Á meðan hafi hún

fylgst með ákærða hirða upp brak af bifreiðinni. Er framburður vitnisins metinn ótrúverðugur andspænis öðrum gögnum málsins.

- 25 Ljósmyndir af vettvangi voru lagðar fram við aðalmeðferð málsins. Af þeim má sjá að vegurinn var blautur, en hálkulaus eins og lögreglumenn gátu um í frumskýrslu. Framburður ákærða og vitnisins A um að hálka hafi verið á veginum fær því ekki staðist. Hið sama á við um framburð þeirra þess efnis að bifreiðin hafi verið á sumardekkjum, en af myndum lögreglu af vettvangi má glöggst sjá að bifreiðin var búin ónegldum vetrarhjólborðum.
- 26 Framburður ákærða um annan ökumann fær heldur ekki stoð í framburði vitnisins D, féлага ákærða, sem sótti hann á vettvang. Kvaðst hann fyrir dómi hafa talið að ákærði hafi ekið bifreiðinni, en það hafi ekkert verið rætt um annan ökumann fyrr en hann hafi heyrt ákærða nefna það við lögreglu. Fyrir dómi hafði vitnið ekki heyrt þess getið að ákærði hafi tilgreint A sem ökumann bifreiðarinnar. Í framburði sínum fyrir lögreglu, sem vitnið staðfesti fyrir dómi og er að finna á upptöku úr búkmyndavél lögreglu, kvaðst vitnið hafa ætlað að hitta ákærða á golfvellinum. Ákærði hafi hringt í sig og sagt „*Heyrðu nennirðu að ná í mig. Ég keyrði á*“. Vitnið hafi síðan sótt ákærða á vettvang óhappsins.
- 27 Framburður vitnisins B, sem kvaðst hafa ekið fram hjá vettvangi skömmu eftir óhappið, styður heldur ekki framburð ákærða um annan ökumann. Vitnið kvaðst hafa ekið hring um hringtorgið til að snúa við og aka aftur fram hjá vettvangi, þar sem henni þóttu aðstæður sérkennilegar, en hún kvaðst ekki hafa tekið eftir öðrum vegfaranda á vettvangi en ákærða, þrátt fyrir að vitnið A hafi skýrt frá því að hafa staðið á grasbletti við hringtorgið og beðið þar eftir föður sínum.
- 28 Samkvæmt heildstæðu mati á öllu því sem rakið hefur verið hér að framan telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar er sannað að ákærði var undir áhrifum þeirra efna er tilgreind eru í ákæru. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.
Ákvörðun refsingar, annarra viðurlaga og sakarkostnaðar
- 29 Ákærði á að baki nokkurn sakaferil. Af fyrri brotum ákærða hefur hér þýðingu að með dómi héraðsdóms Norðurlands eystra 1. apríl 2019 var ákærði sakfelldur fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og sviptur ökuréttindum í 12 mánuði. Þá gekkst ákærði undir sektargerð lögreglustjórans í Vestmannaeyjum 21. janúar 2022 fyrir akstur undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna og var sviptur ökuréttindum í 3 ár. Með broti því sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir hefur hann öðru sinni ítrekað brot gegn akstri undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og ber samkvæmt dómvenju að ákvarða ákærða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.
- 30 Með vísan til 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber að svipta ákærða ökurétti í 3 ár frá 21. janúar 2025 að telja.
- 31 Að kröfu ákæruvaldsins og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærða gert að greiða útlagðan sakarkostnað málsins 246.593 krónur, auk málsvarnarlauna verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.
- 32 Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Eypór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari. Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 3 ár frá 21. janúar 2025 að telja.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, 770.375 krónur, og 232.950 krónur í útlagðan ferðakostnað verjandans, og 246.593 krónur í annan sakarkostnað.